

Sveitarfélagið Hornafjörður  
Gunnlaugur Róbertsson  
Hafnarbraut 27  
780 Höfn í Hornafirði

20. desember 2017  
UST201710-186/R.K.  
10.04.03

### **Efni: Deiliskipulag - skotæfingasvæði**

Vísað er til erindis skipulagsstjóra sveitafélagsins Hornafjarðar er barst 17. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um deiliskipulagstillögu skotæfingasvæðis.

Samkvæmt greinagerð deiliskipulagstillögu er áætlað að taka svæði fyrir starfsemi skotæfinga við Grjótbrú í sveitafélaginu Hornafirði.

#### **Skipulagssvæðið**

Í greinagerð kemur fram að áætlað svæði fyrir skotæfingar liggi um 10 km norðan við þéttbýlið Höfn, austan við Bergá og Bergáfoss. Í gildandi aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem landbúnaðarland en skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013 breytist skilgreining svæðis í íþróttasvæði Íþ 6 líkt og kemur fram í breytingatillögu.

#### **Umhverfisskýrsla**

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru nálægt Laxárdal sem er á náttúruminjaskrá nr. 628. en verndargildi svæðisins felst m.a. í fjölbreyttum jarðmyndunum, myrlendum og vötnum auk talsverðu fuglalífi.


Umhverfisstofnun bendir á að á svæði skotæfinga starfseminnar eru vistgerðir sem skilgreindar eru með hátt og mjög hátt verndargildi samkvæmt vistgerðakroti Náttúrufræðastofnun Íslands (2016). Af vistgerðum með mjög hátt verndargildi er mest af starungsmýrvist en þar er einnig að finna runnamýrvist á láglendi. Vistgerðir með hátt verndargildi eru grasmóavist, grasengjavist, snarrótarvist og língresis- og vingulvist. Meginþorri svæðis er tún- og akurlendi eða vistgerðir sem hafa miðlungs-lágt verndargildi. Stofnunin telur æskilegt að halda öllu raski í jöðrum athafnasvæðis í lágmarki við framkvæmdir til að takmarka neikvæð áhrif á ofangreindar vistgerðir eins og kostur er.

Umhverfisstofnun minnir á að fráveita frá aðstöðuhúsi skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemd við deiliskipulagstillöguna. Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

  
Rakel Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur

Virðingarfullst

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur